

Fundargerð FFGÍR 26.10. 2004
10. fundur á árinu,
5. fundur á skólaárinu 2004-2005
Fundarstaður: Myllubakkaskóli kl: 17:15-19:15

Mættir. Sóley formaður, FFM: Hrafnhildur, FFHS: Víðir, Ásdís.
Ingibjörg verkefnastjóri sem ritar fundargerð.

- 1. mál: Yfirlit yfir hvað gert hefur verið frá síðastu tveimur fundum:**
Ingibjörg segir frá ítrekun vegna Fjörheima í 88-húsið, sent til bæjarráðs og afrit til MÍT, en ekki fengið svar.
Áskorun vegna verkfalls var send til kennara í 88-húsið og bæjarstjórnar.
Kennitöllumál ekki komin á hreint, hjá lögfræðingi bæjarins.
Umræða um heimasíðu en gengur hægt og illa að fá aðgang til að uppfæra ýmsa hluti, þarf allt að fara í gegnum Skúla og verkefnastjóri með bundnar hendur ennþá í mörgu er viðkemur heimasíðu. Samþykkt að **Ingibjörg** fylgir eftir varðandi kostnað og hugsanlega samstarfsaðila, talar við Skúla vegna möguleika á áframhaldandi samstarfi eða breyttu fyrirkomulagi og fær ráðgjöf m.a. hjá Dagnýju o.fl.
- 2. mál. Áframhaldandi aðgerðir í verkfalli**
FFGÍR hvetur foreldra til að taka þátt í mótmælastöðu á Austurvelli 27.okt, á vegum Heimilis og skóla með því að áframsenda auglýsingapóst, auglýsir á heimasíðu en verður ekki með t.d. rútuferðir eða skipulagðar aðgerðir í kringum það. **Ingibjörg** skrifar áskorun sem flutt verður á Austurvelli, spurning hver flytur hana. Óljóst ennþá hver sér fram á að komast.
- 3. mál: Lög/samþykktir FFGÍR**
Uppkasti að lögum FFGÍR sem Einar og Ingibjörg hafa útbúið, verður dreift til annara stjórnarmeðlima, beðið um viðbrögð og athugasemdir fyrir **mánudaginn 1. nóv.**
- 4. mál: Dagskrá skólaársins hjá FFGÍR**
Umræða um að þurfi að fara að skipuleggja starf vetrar, þó verkfall standi yfir. Sammála um að það megi ekki draga úr okkur mátt. Ljóst að enginn fyrirlestur/málþing verður nú í haust, En hugsanlega snemma eftir áramótin, jan/feb. Gott að byrja að skipuleggja.

Samþykkt að fylgja betur eftir vinnu vegna einstaklingsbundinna nemendasamninga, og leggja áherslu á það í vetur, kynna fyrir skólum og hvetja til samstarfs. Hugsanlega kæmust þeir í framkvæmd nk. haust.
Hrafnhildur hefur samband við e-n í Barnaskólanum á Stokkseyri vegna þessa verkefnis, kostir/gallar, fá upplýsingar um kontakt aðila sem getur kynnt þetta fyrir okkur.

Ingibjörg fær punkta frá Eiríki Hermannssyni sem fluttir voru á fundi Fræðsluráðs 6. sept. Sl. eð skólastjórum, þ.s. komu fram hugmyndir skólastjóra um samstarf heimilis og skóla.

Sóley ítrekar á fundi Fræðsluráðs nk.mán, 1.nóv, að haldinn verði framhaldsfundur af fundi 6. sept. með FFGÍR og skólastjórum. Þar var

ákveðið að stofnaður verði vinnuhópur um nemendasamninga, og líklega haldið málþing um það efni.

5. mál: Foreldrasamningar

Á eftir að ræða betur, staðfesta og samþykka. **Hrafnhildur** sendir verkefnastjóra eintök á rafrænu formi sem sendir stjórn. Stjórn þarf að fara yfir, svo hægt sé að samþykka endanlega útgáfu á næsta fundi og ákveða næstu skref.

6. mál: Önnur mál

- Boðað verður til fundar 1. þriðjudag eftir að verkfall leysist.
- Almenn umræða um verkfallsmál.

Fundi slitið kl. 19:15

Næsti fundur þriðjudaginn 30.nóv, eða 1. þriðjudag eftir að verkfall leysist. kl: 17:15